

Fyrirspurn

til innviðaráðherra um vistráðningar EES-borgara.

Frá Arndísi Önnu Kristínardóttur Gunnarsdóttur.

1. Hvaða skilyrði þarf vistráðningarsamningur á milli EES-borgara og vistfjölskyldu að uppfylla til þess að teljast fullnægjandi samkvæmt leiðbeiningum á heimasíðu Þjóðskrár Íslands?
2. Hvaða reglur gilda um vistráðningar EES-borgara (au pair) hér á landi, svo sem um aldur, vinnutíma, lengd dvalar o.fl., í samanburði við reglur sem gilda um vistráðningu skv. 68. gr. laga um útlendinga, nr. 80/2016?

Skriflegt svar óskast.